

RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B - 101 REYKJAVÍK - SÍMI/FAX: 5517292

Fréttabréf jan/feb 1999

Yfirlit:

1. Aðalfundur 13. febrúar kl.13 í Norræna húsinu.
2. Kvikmyndin **WAGNER** eftir Tony Palmer sýnd í þrem hlutum
13. 20. og 27. febrúar kl.14. Norræna húsið.
3. Auglýst eftir tillögum að styrkþega á Bayreuthhátíðina 1999.
4. Miðar á Bayreuthhátíðina 1999.

Reykjavík 30. janúar 1999

Ágætu félagar.

Stjórn Richard Wagner félagsins óskar öllum gleðilegs árs og þakkar ánægjulegar stundir á liðnu ári.

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Norræna húsinu 13. febrúar næstkomandi og hefst kl. 13. Á dagsskrá hefðbundin aðalfundarstörf. Stjórnarkosning fer þó ekki fram að þessu sinni, en kosið er annað hvert ár.

Að fundinum loknum, kl.14, verður sýndur fyrsti áfangi kvikmyndar Tony Palmers um ævi Richards Wagner, sem ber einfaldlega heitið **WAGNER**. Tony Palmer er m.a. er þekktur fyrir kvikmyndir sínar um ævi Händels, Sjostakovitsj og Waltons og er margverðlaunaður fyrir myndir sínar. Hann vann að gerð myndarinnar um Wagner í 7 ár og er hún mjög Wagnerísk að öllu umfangi, um 8 tímar að lengd, tekin upp í borgum þar sem Wagner lifði og starfaði eins og München, Vín, Siena, Budapest, Nürnberg, Bayreuth og Feneyjum og kostaði um 11 milljónir dollara í framleiðslu.

Sagt er að Tony Palmer hafi fengið hugmyndina er hann heimsótti sonarson tónskáldsins, Wolfgang Wagner, á Bayreuthhátíðinni 1976 og studdi Wolfgang mjög fyrirætlanir Palmers. Upprunalega var hugmyndin að gera framhaldspætti fyrir sjónvarp en útkoman varð bíómynd í tveim hlutum sem var frumsýnd í London í apríl 1983. Í október sama ár var hún sýnd á La Scala og er eina bíómyndin, sem nokkurn tíma hefur verið sýnd í því húsi.

Í aðalhlutverkum ber fyrst að nefna Richard Burton sem leikur nafna sinn, tónskáldið, Vanessa Redgrave leikur Cosimu, Gemma Craven Minnu. Meðal annara leikara í minni hlutverkum eru m.a. Gwyneth Jones og Peter Hofmann sem leika hjónin von Carolsfeld, og tónskáldið Sir William Walton leikur Friðrik Ágúst II af Saxlandi.

Kvikmyndin verður sýnd hér í þrem hlutum, þrjá laugardaga í röð (13. 20. og 27. feb) á stóra skerminum í Norræna húsinu og hefjast sýningarnar kl. 14. Myndin er með ensku tali, engir skjátextar. Aðgangur verður ókeypis og er velkomið að taka með sér gesti. Ekki verður sent út sérstakt fréttabréf fyrir síðari sýningarnar tvær.

Styrkþegi til Bayreuth.

Á síðastliðnu sumri fór í fyrsta sinn, fyrir tilstuðlan félagsins, íslenskur styrkþegi á Bayreuthhátíðina.

Richard Wagner Stipendienstiftung í Bayreuth, en það er stofnun sem Richard Wagner kom sjálfur á fót árið 1882, og hefur haft það sem aðalmarkmið að stuðla að því að ungum tónlistar- og sviðslistamönnum sé gert kleift að sækja Bayreuthhátíðina frítt. Wagner hafði í raun hugsað sér Bayreuthhátíðina sem hátíð fólksins eða almennings eins og tíðkaðist 2000 árum áður í Grikklandi og vildi hann helst engan aðgangseyri hafa. Þegar það gekk nú ekki upp, af skiljanlegum ástæðum, varð úr að bjóða a. m. k. fámennum hópi útvaldra á hátíðina. Fjármögnun þessarar fallegu hugmyndar meistarans liggur nú að mestu hjá Wagnerfélögum víða um heim undir forystu alþjóðasamtakanna, en fyrrnefnd stofnun hefur skipulag með höndum. Nú í ár verða 250 styrkþegar á hátíðinni. 190 þeirra koma frá þýskum Wagnerfélögum, 36 frá öðrum félögum í V.- Evrópu og 24 frá félögum í A. - Evrópu.

Einkum er ætlast til að styrkþegi sé úr hópi yngri söngvara, tónlistar- eða leiksviðslistamanna. Styrkþeginn fær endurgjaldslaust í sinn hlut:

1. Miða á *Tristan og Isolde* 4. ágúst kl. 16
Miða á *Meistarasöngvarana í Nürnberg* 6. ágúst kl. 16
Miða á *Lohengrin* 7. ágúst kl. 16
2. Leiðsögn um *Festspielhaus* í fylgd yfirstjórnanda hátíðarinnar, *Wolfgang Wagner*.
3. Aðgang að undirbúningsfyrirlestrum sýninganna.
4. Skoðun *Richard Wagner safnsins og Franz Liszt safnsins*.
5. Sameiginlegan hádegisverð styrkþega alla sýningardaga.
6. Styrkþegamót 5. ágúst.

Stipendienstiftung í Bayreuth hefur milligöngu um ódýra gistingu fyrir styrkþega.

Stjórn félagsins óskar eftir ábendingum frá félagsmönnum um styrkþega fyrir árið 1999. Vinsamlegast látið heyra frá ykkur fyrir 15. febrúar nk. til formanns eða stjórnarmanna. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð hjá formanni. Endanlegt val styrkþega fer fram hjá Stipendienstiftung í Þýskalandi.

Aðgöngumiðar á Bayreuthhátíðina.

48 miðar fengust á Bayreuthhátíðina í ár og munu um 20 manns njóta þess að sjá þar óperur í sumar. Enginn Niflungahringur er að þessu sinni, nýr Hringur verður frumsýndur á næsta ári. Í sumar verður ný uppfærsla *Lohengrin* frumsýnd, auk þess sem í gangi eru uppfærslur af *Hollendingnum*, *Tristan og Isolde*, *Meistarasöngvurunum* og *Parsifal*.

Að lokum má geta þess að næsta alþjóðlega þing Wagnerfélaga verður haldið í Búdapest í maí, en meira um það í næsta bréfi.

Með kærri kveðju f.h. stjórnar Richard Wagnerfélagsins,

Selma Guðmundsdóttir, formaður